

Snjóflóðaánnáll áráanna 1975—1980

HAFLIÐI HELGI JÓNSSON

Veðurstofu Íslands, Bústaðarvegi 9, 105 Reykjavík

INNGANGUR

Þessi samantekt er framhald fyrri snjóflóðaánnála (*Ólafur Jónsson* 1957, *Ólafur Jónsson* og *Sigurjón Rist* 1971, *Sigurjón Rist* 1975). Hér verður gerð grein fyrir tjóni af völdum snjóflóða, staðsetningu þeirra, fjölda á hverjum stað og dagsetningu, en veðurfarslegum aðdraganda þeirra og lýsingum á stærðum þeirra sleppt. Ekki er í öllum tilfellum ljóst nákvæmlega hvenær snjóflóð urðu, eða hver fjöldi þeirra var á tilteknum stað, þannig að sums staðar eru óumflýjanlegar eyður.

Heimildir eru einkum starfsmenn Vegagerðar ríkisins og veðurathugunarmenn, en einnig er stuðst við fréttir dagblaða og landslutablaða. Þá hafa greinagóðir menn á nokkrum stöðum látið ýmsar upplýsingar í té.

Söfnun gagna um snjóflóð hefur tekið verulegum framförum hin síðustu ár. Nú vinna, t. d., Veðurstofa Íslands og Vegagerð ríkisins saman að skipulegri skráningu snjóflóða. Sérstökum eyðublöðum er dreift til veðurathugunarmanna og starfsmanna Vegagerðarinnar um allt land, og á þau skrá þeir staðsetningar, tímasetningar og upplýsingar um tjón af völdum allra snjóflóða sem þeir verða varir við. Auk þess skrá þeir upplýsingar um stærðir snjóflóðanna, gerð og eðli. Ennfremur er samvinna með Veðurstofunni og nokkrum sveitarfélögum um svipaða skráningu. Útfylltum eyðublöðum er síðan safnað saman á Veðurstofu Íslands til frekari úrvinnslu. Þar er nú m. a. verið að athuga samhengi snjóflóða og veðurs, með það fyrir augum, að geta út frá veðurathugunum og sérstökum snjósmælingum varað við snjóflóðahættu.

Tíðni snjóflóða er ákaflega misjöfn á hinum dreifðu snjóflóðastöðum. Sums staðar falla snjóflóð árvisst, en sums staðar með áratuga millibili. Hin síðustu ár hefur komið í ljós, að fáeinir staðir skera sig úr hvað snertir snjóflóðatíðni. Eru þetta vegakaflarnir í Ólafsvíkurenni, Óshlíð, Eyrarhlíð í Skutulsfirði og Breiðadalsheiði, Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði, Súðavíkurlíð og í Ólafsfjarðarmúla. Á þessum stöðum verða snjóflóð yfirleitt mörgum sinnum á hverjum vetri, og stundum svo mörg í einu að tugum skiptir. Þykir því rétt, að skipta þessum ánnál í tvennt; annars vegar í samantekt snjóflóða á víð og dreif um landið, og hins vegar í samantekt snjóflóða hvers vetrar á þessum vegaköflum. Að auki eru svo eftirhreytur frá fyrri tíð, sem hér er komið á framfæri í viðauka.

SNJÓFLÓÐ Á VÍÐ OG DREIF

Hér er gerð grein fyrir öllu tjóni sem snjóflóð hafa valdið og Veðurstofu Íslands hefur borist vitneskja um. Auk þess eru hér birtar töflur yfir snjóflóðastaðina, fjölda snjóflóða á hverjum stað og dagsetningar snjóflóðanna. Geymd eru þó til næsta kafla snjóflóð þau sem orðið hafa á vegaköflunum áður nefndu, en tjóns af þeirra völdum er getið hér.

Þessa 5 vetur, 1975—1980, fórust 5 manns í snjóflóðum. Hafa þá samtals 119 manns látið lífið með þessum hætti frá síðustu aldamótum (*Sigurjón Rist* 1975).

Veturinn 1975—1976

Snjóflóð þessa vetrar eru talin upp í 1. töflu. Ekki er vitað til að þau hafi valdið neinu tjóni.